

# Íslenska

Markmiðum í íslenskunámi er skipt í efnisflokkana: talað mál, hlustun og áhorf, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði.

## 1. bekkur

Talað mál, hlustun og áhorf

Að nemendur:

- Séu hvattir til að tala skýrt og áheyrilega.
- Fá tækifæri til að tjá sig munnlega fyrir framan bekkinn.
- Geti átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.
- Geti hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, myndbönd, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni, t.d. í myndum.

Lestur og bókmenntir

Að nemendur:

- Þekki alla stafina og hljóð þeirra.
- Geti lesið a.m.k. 50 atkvæði á mínútu að vori.
- Geti valið sér lesefni eftir áhuga, þörf og getu.
- Læri nokkrar einfaldar vísur og ljóð til söngs.
- Kynnist völdum barnabókmenntum
- Þekki rím og hrynjandi.

Ritun

Að nemendur:

- Haldi rétt á skriffærum, þekki skriftaráttina og þjálfist í að draga til stafs.
- Fá tækifæri til að semja sögur og ljóð og skrifi sjálfir eða með aðstoð.

Málfræði

Að nemendur:

- Þekki hugtökin bókstafi, atkvæði, orð og setningar.
- Vinni verkefni sem stuðla að auknum orðaforða og málskilningi
- Geti leikið sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma og fara í orðaleiki.

## 2.bekkur

Talað mál, hlustun og áhorf

Að nemendur:

- Geti tjáð sig munnlega á einföldu máli og endursagt efni sem þeir hafa hlustað á eða lesið.
- Geti tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi.
- Geti hlustað og horft sér til gagns og ánægju á upplestur, fræðsluefni og leikþætti og greint frá upplifun sinni.

Lestur og bókmenntir

Að nemendur:

- Verði læsir á léttan texta og geti lesið léttar sögubækur sér til skilnings og ánægju.
- Geti lesið a.m.k.120 atkvæði á mínútu að vori.
- Geti valið sér lesefni sem hæfir lestrargetu og lesið sér til ánægju.
- Læri ýmis ljóð og sönglög.
- Geti beitt hugtökum eins og persónu, söguþræði og umhverfi.

Ritun

Að nemendur:

- Haldi rétt á skriffærum og dragi rétt til stafs.
- Temji sér vandvirkni í hvívetna.
- Fái fjölbreytt tækifæri til að skrifa á þann hátt sem þeir eru færir um.
- Temji sér að nota upphafsstafi og litla stafi á réttan hátt.
- Geti nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta.
- Geti skrifað texta á tölvu og beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu.
- Geti skrifað og leyft öðrum að njóta þess með upplestri höfundar eða annarra.

Málfræði

Að nemendur:

- Þekki hugtökin samsett orð, samheiti, andheiti, sérnafn, samnafn, sérhljóði og samhljóði.
- Kunni stafrófið.
- Geti búið til málsgreinar.

## 3.bekkur

Talað mál, hlustun og áhorf

Að nemendur:

- Geti flutt stuttan texta fyrir áheyrendur og temji sér góðan og skýran framburð, jafnt í upplestri sem tali.
- Hlusti á sögur, leiktexta og ljóð, bæði sem kennari les og flutt eru á rafrænu formi og geti greint frá upplifun sinni.
- Hlusti á aðra og geti tekið þátt í umræðum.
- Geti nýtt sér og endursagt efni á rafrænu formi.

## Lestur og bókmenntir

Að nemendur:

- Verði læsir, geti lesið einfaldar leiðbeiningar og farið eftir þeim.
- Temji sér daglegan yndislestur.
- Geti lesið a.m.k. 160/200 atkvæði á mínútu að vori.
- Geti nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orða út frá samhengi.
- Lesið úr tákmyndum og myndrænu efni svo sem einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum.
- Læri ljóð, þulur og vísur til söngs og upplesturs.
- Kynnist margs konar bókmenntatextum, vinni með þá og ræði um þá.
- Þjálfist í að fá bækur að láni á bókasafni.

- Ritun

Að nemendur:

- Temji sér að nota tengiskrift.
- Geti skrifað texta af ólíkum gerðum frá eigin brjósti. Einnig skrifað eftir upplestri.
- Þjálfist í að stafsetja rétt og leggi sig fram um að vanda frágang.
- Geti nýtt sér fyrirmyndir í ritun svo sem af lestri bóka, blaða eða rafræns efnis.
- Geti skrifað texta á tölvu og beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu.

## Málfræði

Að nemendur:

- Geri sér nokkra grein fyrir orðflokkunum nafnorð, sagnorð og lýsingarorð.
- Geti raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag.
- Geti leikið sér með ýmis einkenni tungumálsins svo sem margræðni orða og fundið kyn og tölu.

## 4.bekkur

Talað mál, hlustun og áhorf

Að nemendur geti:

- Beitt skýrum og áheyrilegum framburði.
- Tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu.
- Sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á og lesið.
- Hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni.
- Nýtt sér og endursagt efni á rafrænu formi.
- Átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.

## Lestur og bókmenntir

Að nemendur geti:

- Lesið a.m.k. 210/230 atkvæði á mínútu að vori
- Beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr.

- Nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi.
- Tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess.
- Valið sér lesefni eftir áhuga og þörf og lesið sögur, ljóð og fræðandi efni, sem hæfir lestrargetu, sér til ánægju og skilnings.
- Lesið ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum.
- Beitt hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap.
- Aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum, svo sem bókum og á rafrænu formi.
- Lesið úr tákmyndum og myndrænu efni, svo sem einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum.
- Valið bók eða annað lesefni og lesið sér til ánægju.

#### Ritun

Að nemendur geti:

- Dreigið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega.
- Nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, svo sem upphafi, meginmáli og niðurlagi.
- Samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frá sögn, ljóð eða skilaboð.
- Beitt einföldum stafsetningarreglum og notað tiltæk hjálpargögn við hæfi.
- Nýtt sér fyrirmyndir í ritun, svo sem af lestri bóka, blaða eða rafræns efnis.
- Skrifað texta á tölvu og beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu.
- Skrifað og leyft öðrum að njóta þess með upplestri höfundar eða lestri lesanda.

#### Málfræði

Að nemendur geti:

- Beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ræður yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska.
- Þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein.
- Raðað í stafrófsröð og gert grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag.
- Gert sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða.
- Leikið sér með ýmis einkenni tungumálsins, svo sem margræðni orða og fundið kyn og tölu.
- Búið til málsgreinar og ráðið við að greina málsgreinar í eigin texta.
- Greint mun á samnöfnum og sérnöfnum og m.a. bent á þau í eigin texta.
- Leikið sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma, og fara í orðaleiki.
- Gerir sér grein fyrir markmiði þess að læra íslenska málfræði.

#### 5.bekkur

Talað mál, hlustun og áhorf

Að nemendur:

- Þjálfist í að koma fram fyrir stóran hóp og flytja eigin texta og ýmis bókmenntaverk (sögur og ljóð).
- Geti tekið þátt í umræðum og komist að niðurstöðu í hópi.
- Þjálfist í að hlusta á upplestur á sögum, ljóðum og leikritum.
- Geti nýtt sér myndefni og rafrænt efni á gagnrýninn hátt.

- Þjálfist í að hlusta á umræður, taka þátt í þeim og halda athygli.
- Geti átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi.

#### Lestur og bókmenntir

Að nemendur:

- Lesið a.m.k. 240/250 atkvæði á mínútu að vori.
- Lesi skýrt og greinilega og séu læsir á flesta texta almenns efnis.
- Geti beitt nákvæmnislestri og leitarlestri.
- Geti nýtt sér heimildir úr bókum og af neti til einfaldrar úrvinnslu.
- Lesi fjölbreytta bókmenntatexta og læri ákveðin ljóð.
- Þjálfist í endursögn á sögum og frásögnum.
- Læri að þekkja mikilvæg bókmenntahugtök.
- Geti greint aðalatriði frá aukaatriðum.
- Geti gert grein fyrir sögu sem þeir hafa lesið og þeim áhrifum sem hún hefur á hann (ritdómur).
- Þekki nokkra þekktu barnabókahöfunda.

#### Ritun

Að nemendur:

- Skrifu tengda og skýra skrift, nái góðum skriftarhraða og þrói persónulega rithönd,
- Fari eftir helstu stafsetningarreglum og noti hjálpargögn svo sem orðabækur.
- Fáist við fjölbreytileg ritunarverkefni.
- Kynnist því að skrifa mismunandi stíl m.t.t. efnis og viðtakanda.

#### Málfræði

Að nemendur:

- Þekki no., lo. og so. og helstu einkenni þeirra.
- Læri að fallbeygja nafnorð og lýsingarorð.
- Geti nýtt sér stofn orða við réttritun og þekki uppfléttimynd fallorðs.
- Geti fundið kyn, tölu og fall nafnorða og lýsingarorða.
- Þekki nútíð og þátíð sagna.

#### 6.bekkur

Talað mál, hlustun og áhorf

Að nemendur:

- Þjálfist í að koma fram fyrir stóran hóp og flytja eigin texta og ýmis bókmenntaverk.
- Geti tekið þátt í umræðum og komist að niðurstöðu og rökstutt skoðanir sínar.
- Temji sér að tala skýrt og áheyrilega við öll tækifæri.
- Þjálfist í að hlusta á upplestur á sögum, ljóðum og leikritum.
- Geti nýtt sér myndefni og rafrænt efni á gagnrýninn hátt.

- Þjálfist í að hlusta á umræður, taka þátt í þeim og halda athygli í töluverðan tíma.
- Geti átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi.

#### Lestur og bókmenntir

Að nemendur:

- Lesið a.m.k. 270 atkvæði á mínútu að vori.
- Geti lesið úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum og túlkað þær.
- Geti nýtt sér heimildir úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni.
- Geti beitt nákvæmnislestri, leitarlestri og yfirlitslestri.
- Nái góðum tókum á að greina greina aðalatriði frá aukaatriðum.
- Lesi fjölbreytta bókmenntatexta (gamla og nýja) og læri ákveðin ljóð.
- Læri að þekkja nokkur bókmenntahugtök.
- Skrifi greinagerð um sögu sem þeir hafa lesið (ritdómur).
- Þekki nokkra þekkta höfunda.

#### Ritun

Að nemendur:

- Skrifi tengda og skýra skrift, nái góðum skriftarhraða og þrói persónulega rithönd,
- Fari eftir helstu stafsetningarreglum og noti hjálpargögn svo sem orðabækur.
- Fáist við fjölbreytileg ritunarverkefni og þjálfist í að skrá atburði úr eigin lífi og fréttum.
- noti mismunandi stíl m.t.t. efnis og lesanda.

#### Málfræði

Að nemendur:

- geri s+er grein fyrir að öllum orðum er skipt í flokka eftir formlegum og merkingarlegum einkennum.
- Þekki no., lo., so. og fornöfn og helstu einkenni þeirra.
- Fáist við að fallbeygja orð og fræðast um tilurð þeirra.
- Þekki stofn orða og geti nýtt sér hann við réttritun.
- Geti fundið kyn, tölu og fall nafnorða og lýsingarorða.
- Vinni með algeng orðtök og málshætti.

#### 7. bekkur

Talað mál, hlustun og áhorf

Að nemendur:

- Geti tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar.
- Geti tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyranda, m.a. með aðstoð leikrænnar tjáningar.
- Geti tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum.

- Geti hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum.
- Geti nýtt sér myndefni og rafrænt efni á gagnrýninn hátt.
- Geti átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi.

## Lestur og bókmenntir

Að nemendur:

- Geti lesið a.m.k. 300 atkvæði á mínútu að vori.
- Geti lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað.
- Geti notað þekkingu og reynslu ásamt ríkulegum orðaforða við lestur og skilning á texta.
- Geti greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta.
- Geti lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann.
- Geti lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þ.á.m. þjóðsögur, ljóð og bókmenntir ætlaðar börnum og unglingum.
- Geti greint nokkur frásagnarform bókmennta og beitt fáeinum bókmenntafræðilegum hugtökum til að efla skilning, svo sem tíma, sjónarhorni, sögusviði og boðskap.
- Geti beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða s.s. rím, ljóðstafi, hrynjandi, líkingar og boðskap.
- Geti aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna, lagt nokkurt mat á gildi og trúverðugleika upplýsinga.
- Geti lesið úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum og túlkað þær.
- Geti valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju.

## Ritun

Að nemendur:

- Geti skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur.
- Geti valið textategund, skipulagt og orðað texta, s.s. sögur, frásagnir, lýsingar á fyrirmæli á þann hátt em hæfir tilefni.
- Geti samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa.
- Geti beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og nái valdi á þeim.
- Geti lesið texta og skoðað hann með það í huga að kanna hvernig höfundur skrifar og nýtt það við eigin ritun.
- Geti skrifað texta á tölvu og beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu, getið heimilda.
- Geti skrifað texta með ákveðinn lesanda í huga, á blað eða tölvu.

## Málfræði

Að nemendur:

- Geri sér nokkra grein fyrir eigin máli og hafi skilning á gildi þess að bæta það.
- Geti notað allríkulegan orðaforða í ræðu og riti, geri sér grein fyrir margræðni orða og geti nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun, tal og ritun.

- Geti nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um mál.
- Átti sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og geti greint hlutverk og helstu einkenni þeirra.
- Geti notað orðtök og málshætti í töluðu máli og rituðu og geti greint notagildi þeirra í texta.
- Geti beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar og geri sér grein fyrir fjölbreytileika málsins.
- Geti beitt þekkingu sinni á málfræðilegum hugtökum í umræðu um mál, ekki síst eigið mál, talað og ritað.
- Nýti orðaforða sinn til að skapa ný orð og orðasambönd.
- Geri sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði, m.a. við ritun og stafsetningu.

### 8. bekkur

Talað mál, hlustun og áhorf

Að nemendur:

- Geti tjáð sig frjállega með frásögnum af eigin reynslu og upplifun fyrir framan skólafélaga sína.
- Tileinki sér skýran og áheyrilegan framburð og viðeigandi talhraða.
- Geti nýtt sér fjölmiðla og tekið afstöðu til þess sem þar er birt.

Ritun

Að nemendur:

- Kunni flestar stafsetningarreglur og kunni rétta greinarmerkjasetningu.
- Þjálfist í uppsetningu margs konar texta.
- Þjálfist í að tjá sig og beita mismunandi stíl rituðu máli með tilliti til viðtakenda og efnis.
- Gei beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar.

Lestur og bókmenntir

Að nemendur:

- Skilji mikilvægi þess að geta lesið og geti eflt eigið læsi.
- Geti lesið almenna texta af öryggi og með góðum skilningi, lagt mat á þá og túlkað þá.
- Kynnist nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði.
- Geti notað algeng hugtök í bragfræði í umfjöllun um bundið mál og óbundið.
- Geti valið sér lesefni til gagns og ánægju.

Málfræði

Að nemendur:

- Átti sig á flokkun fallorða, sagnorða og óbeygjanlegra orða og viti í hverju hún felst.
- Átti sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og geri sér grein fyrir hlutverki þeirra.
- Geti fundið og nýtt sér málfræðilegar upplýsingar í orðabókum og á netinu.

### 9. bekkur

Talað mál, hlustun og áhorf

Að nemendur:

- Geti flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og hafi tileinkað sér viðeigandi talhraða.
- Geti tekið virkan þátt í samræðum, tjáð skoðanir sínar og rökstutt þær.
- Geti nýtt sér upplýsingar í töluðu máli og notið myndefnis, upplestrar, leikins efnis og tónlistar og gert grein fyrir skoðun sinni.

Ritun

Að nemendur:

- Geti beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar.
- Geti tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim.
- Geti unnið úr ýmsum heimildum og læri undirstöðu heimildaritunar.
- Þjálfist í margvíslegri ritun, m.a. í tengslum við bókmenntatexta.

Lestur og bókmenntir

Að nemendur:

- Skilji mikilvægi þess að geta lesið og eftt eigið læsi.
- Geti greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í margs konar texta og glöggvað sig á tengslum aðalatriða.
- Þekki bókmenntaleg hugtök og þjálfist í að beita þeim í ritun og umræðum um bókmenntir.
- Læri að greina stíl og stílbrögð mismunandi bókmenntatexta.

Málfræði

Að nemendur:

- Kynnist setningarfræði og orðhlutafræði.
- Nái góðu valdi á notkun móðurmálsins í ræðu og riti og öðlist skilning á menningarlegu, félagslegu og sögulegu gildi þess.
- Líti á alla þætti móðurmálsins sem eina heild.
- Átti sig á skyldleika íslensku við önnur mál og að tungumál eru í sífelldri þróun.
- Geti notað fleyg orð, algeng orðtök, málshætti og föst orðasambönd til að auðga mál sitt og geri sér grein fyrir þýðingu lestrar, ekki síst bókmennta, í þessu skyni.

### 10. bekkur

Talað mál, hlustun og áhorf

**Við lok 10. bekkjar getur nemandi:**

- Flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og hefur tileinkað sér viðeigandi talhraða og fas

- Geri sér grein fyrir eðli góðrar framsagnar og framburðar og nýtt leiðbeiningar um framsögn, svo sem um áherslu, tónfall, hrynjandi og fas og lagað það að viðtakanda og samskiptamiðli á fjölbreyttan hátt, m.a. með leikrænni tjáningu
- Nýtt aðferðir sem hann hefur lært til að taka virkan þátt í samvinnu, samræðum og rökræðum, tjáð skoðanir sínar með ýmsum hætti, rökstutt þær og valið þeim miðil sem hentar
- Hlustað, tekið eftir og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks og skemmtunar, einnig notið myndefnis, upplestrar, leikins efnis og tónlistar og gert grein fyrir skoðun sinni á viðkomandi efni
- Nýtt sér fjölmiðla, svo sem útvarp, sjónvarp, kvikmyndir og rafrænt efni og tekið afstöðu til þess sem þar er birt
- Átt góð samskipti þar sem gætt er að máli, hlustun, tillitssemi, virðingu og kurteisi.

#### Lestur og bókmenntir

##### **Við lok 10. bekkjar getur nemandi:**

- Lesið almenna texta af öryggi og með góðum skilningi, lagt mat á þá og túlkað
- Skilið mikilvægi þess að geta lesið og eflt eigið læsi
- Greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í margs konar texta og glöggvað sig á tengslum efnisatriða
- Gert sér grein fyrir eðli og einkennum margvíslegra textategunda og gert öðrum grein fyrir því
- Lesið, túlkað, metið og fjallað um fjölbreyttar íslenskar og erlendar bókmenntir og gert sér grein fyrir gildi bókmennta
- Beitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði, svo sem minni, fléttu, sjónarhorni og sögusviði og kannast við myndmál, algengustu tákn og stílbrögð
- Notað algeng hugtök í bragfræði í umfjöllun um bundið mál og óbundið mál, lesið og túlkað ljóð af ýmsum toga og frá ýmsum tímum
- Leitað og aflað sér heimilda úr ýmsum gagnabrunnum og lagt mat á gildi og trúverðugleika ritaðs máls, svo sem fjölmiðla- og margmiðlunarefnis, og tekið gagnrýna afstöðu til þess
- Unnið úr tölulegum og myndrænum upplýsingum, túlkað þær, tengt saman efni sem sett er fram á ólíkan hátt og nýtt sér
- Valið sér lesefni til gagns og ánægju og komið fram sem sjálfstæður lesandi sem gerir sér grein fyrir gildi þess að lesa

#### Ritun

##### **Við lok 10. bekkjar getur nemandi:**

- Skrifað skýrt og greinilega og beitt ritvinnslu af öryggi og notað orðabækur og önnur hjálpargögn, gengið frá texta, vísað til heimilda og skráð þær
- Beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar
- Tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim í rituðu máli, samið texta frá eigin brjósti og er óhræddur við að beita ríkulegu tungutaki í skapandi ritun

- Beitt reglum um réttritun, hefur náð góðu valdi á stafsetningu og ggerir sér grein fyrir að rétt stafsetning er virðing við mál, texta og lesanda
- Valið og skrifað mismunandi textagerðir sem hæfa viðkomandi verki og beitt mismunandi orðaforða og málsniði við hæfi
- Notað helstu aðgerðir við ritvinnslu, valið viðeigandi heimildir, vísað til þeirra og sett í heimildaskrá svo sem reglur kveða á um
- Skrifað rafrænan texta og tengt texta, mynd og hljóð eftir því sem við á, gerir sér grein fyrir lesanda og miðar samningu við hann.

## Málfræði

### **Við lok 10.bekkar getur nemandi:**

- Beitt helstu málfræðihugtökum í umræðu um notkun málsins og þróun þess
- Valið orð í tali og ritun í samræmi við málsnið, gert sér grein fyrir mikilvægi þess að ræta orðaforðann og nýtt reglur um orðmyndun og einingar orða við ritun
- Flett upp í handbókum, orðasöfnum og rafrænum orðaböngum og nýtt sér málfræðilegar upplýsingar sem þar er að finna
- Áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra í eigin texta og annarra
- Notað fleyg orð, algeng orðtök, málshætti og föst orðasambönd til að auðga mál sitt og gerir sér grein fyrir þýðingu lestrar, ekki síst bókmennta í þessu skyni
- Geri sér grein fyrir mismunandi málnotkun og málsniði eftir efni og tilefni. Áttar sig á staðbundnum, starfstengdum og aldurstengdum tilbrigðum í orðaforða og málnotkun og þekkir til helstu framburðarmállýskna
- Áttað sig á skyldleika íslensku við önnur mál og að tungumál, þar á meðal íslensku, breytast sífelld.
- Áttað sig á og beitt sköpunarmætti tungumálsins og nýtt það m.a. við ritun, tal, við nýyrðasmíð, í orðaleikjum og skáldskap.
- Gert sér grein fyrir mikilvægi góðrar færni í máli, ábyrgð sinni við að bæta mál sitt og getur nýtt þekkingu sína á íslenskri málfræði við nám í erlendum tungumálum.